



# Heilsuleikskólinn Holtakot



Skýrsla vegna umsóknar um Grænfána

1. september 2018



## Efnisyfirlit:

1. Heilsuleikskólinn Holtakot
2. Umhverfísráð
  - 2.1. Umhverfísráð árin 2016-2018
3. Mat á stöðu umhverfismála
4. Verkefnið 2016-2018 - Landslag-Náttúruvernd
  - 4.1. Landslag
  - 4.2. Náttúruvernd
5. Listadagar Sköpunargleði
6. Vinna á deildum
  - 6.1. Grænfánavinna á Seylu
  - 6.2. Grænfánavinna á Mýri
  - 6.3. Grænfánavinna á Tröð
  - 6.4. Grænfánavinna á Hliði
7. Samantekt úr verkefnavinnunni
8. Umhverfisstefna leikskólans
9. Eftirlit og endurmat
10. Lokaorð
11. Fylgiskjöl (umhverfísráðsfundir )

## 1. Heilsuleikskólinn Holtakot

Heilsuleikskólinn Holtakot á Álftanesi er fjögurra deilda, í leikskólanum á þessu tímabili var fjöldi barna milli sjötíu og áttatíu, og voru þau á aldrinum eins til sex ára. Starfsmenn eru eitthvað rétt yfir tuttugu talsins.

Á Álftanesi starfa þrjár skólar, Holtakot (sem er okkar skóli), Krakkakot og Álftanesskóli, allir eru þeir skólar á grænni grein. Við í Holtakoti sækjum nú um Grænfánann í fimmta sinn og höfum unnið að nýjum markmiðum frá síðustu flöggun í nóvember 2016. Við viljum halda því við að flagga Grænfánanum í Holtakoti og vinna markvisst að verndun umhverfis og virðingu fyrir lífi okkar og annarra. Við vinnum saman sem hópur að verkefninu og skrefunum fjölgar með hverju ári.

Gott samstarf er á milli leik og grunnskóla og samvinna á milli skólastiga. Elstu þrjár árgangarir okkar nota í íþróttahúsið einu sinni í viku í hreyfistund. Elsti árgangurinn/skóláhópur fer í heimsóknir í Álftanesskóla nokkrum sinnum yfir veturinn og tekur þátt í ólíkum kennslustundum, til dæmis með því að sækja íþróttatíma, tónmenntatíma, matsal og Frístund. Sá hópur hefur einnig farið í sund einu sinni í viku. Með þessu vinnum við að auðveldari færslu barnanna á milli skólastiga og eflum tengsl og skilning kennara á vinnu hverra annarra.

Þá erum við komin að þeirri vinnu sem fram hefur farið frá því síðustu skýrslu var skilað inn 2016, og fjórða fánanum flaggað í framhaldinu. Áframhald hefur verið á mörgu sem við höfum tileinkað okkur í hverju nýju grænu skrefi sem við höfum tekið frá opnun leikskólans.

- Flokkun
- Lýðheilsa
- Átthagar
- Vatn og orka

Og nýustu skrefin okkar eru - Landslag og Nátturuvernd.

## 2. Umhverfísráð

Í Holtakoti erum við með tvær umhverfisnefndir. Önnur er skipuð starfsmönnum skólans, í henni skiptist fólk alltaf eitthvað á, en við viljum að í henni sé einn fulltrúi frá hverri deild auk matráðs og leikskólastjóra, hin umhverfisnefndin er skipuð börnum úr elsta árgangi leikskólans.

Umhverfisnefnd starfsmanna hefur það hlutverk að halda utan um, koma með hugmyndir og skipuleggja verkefni sem snúa að grænfánavinnu hverskonar, auk þess að fylgja þeirri vinnu eftir á deildunum. Að jafnaði eru fundir haldnir annan hvern mánuð, og ber ritari ábyrgð á að skráðar séu fundargerðir.

Á Hliði voru þetta tímabil 2016-2018 tveir og þrjú árgangar saman. En elsti árgangurinn sat í umhverfisnefnd og hefur sá hópur nú yfirgefið okkur og næsti árgangur að taka við keflinu. Í fyrsta skipti verða börn úr elsta árgangi á tveimur deildum á komandi vetri og sameinast þau þá á umhverfisnefndarfundum.

### 2.1. Umhverfísráð árið 2016-2018

Í umhverfísráði 2016- 2018 sitja:

Anna Kristmundsdóttir, deildarstjóri á Seylu, formaður og ritari.

Hafdís Sævarsdóttir, matráður í eldhúsi

Ína Sigrún Þórðardóttir, deildarstjóri á Tröð

Kristín Jóna Sigurjónsdóttir, deildarstjóri á Mýri

Ragnhildur Skúladóttir, leikskólastjóri

Sæunn Eiríksdóttir, leikskólaliði á Hliði.

## 3. Mat á stöðu umhverfismála

Undanfarin tvö ár höfum við lagt áherslu á að vinna með landslag og náttúruvernd og aukið þar meðvitund okkar um umhverfið og umgengni við það. Margæsin skipar alltaf sess hjá okkur á vorin og að sama skapi höfum við lagt áherslu á að tengja vinnu okkar við „Listadaga í Garðabæ“ við Grænfánann. Starfsfólk og börn

leikskólans hafa haldið áfram þeirri vinnu sem byrjað var á þegar sótt var um Grænfánann í fyrsta sinn með því að skola og flokka umbúðir ýmisskonar og fara vel með efnivið. Vottaðar vörur eru notar við þrif og notkun aukæfna stillt í hóf. Matur er unninn frá grunni á staðnum og brauð bökuð. Við leggjum áherslu á að ganga vel um inni og úti. Við endurnýtum og notum eftir því sem kostur er. Endurvinnslukassar eru á öllum deildum og í eldhúsi þar sem flokkað er það sem til fellur svo sem plast og pappír. Í vinnuherbergi flokkum við svo í fleiri flokka. Þannig gerum við flokkunina sýnilegri fyrir þá sem fara um skólann starfsfólk, börn, foreldra og aðra gesti.

#### **4. Verkefnið 2016-2018 - Landslag og Náttúruvernd**

Eftir að hafa flaggað fjórða grænfánanum fyrir vatn og orku í nóvember 2016, var komið að því að velja nýtt viðfangsefni til að vinna með í framhaldinu. Urðum við sammála um að vinna með landslag og náttúruvernd tímabilið 2016-2018. Til grundavallar höfum við punkta af heimasíðu verkefnisins.

„Landslag: Hvernig lítur nærumhverfi skólans út? Eru hólar eða hæðir? Fjöll og dalir? Getið þið farið í ferð út fyrir skólann þar sem þið upplifið breytt landslag? Hvernig hefur landslagið myndast? Hvernig tengist landslagið sögunni? Hvaða örnefni í nærumhverfinu?“

„Náttúruvernd: Af hverju er mikilvægt að vernda náttúruna? Hvernig gerum við það? Eru allir sammála um hvernig best er að standa að verndun náttúrunnar? Getum við gert eitthvað til að vernda náttúruna í kringum okkur?“

##### **4.1. Landslag**

Skólalóðin er okkar aðal landslag og í henni eru faldir fjársjóðir. Hún er að öllu leiti manngerð í okkar tilfelli, nokkuð gróðursæl og á henni hólar og misfellur. Nokkrar tegundir af jarðvegi og undirlagi eru í garðinum og hægt að vinna með

áferð þess og liti. Fjölmörg form má einnig finna bæði í leiktækjum, á gangstéttum og í gróðrinum. Við förum gjarnan í gönguferðir um nesið og eins notum við strætó í lengri ferðir. Í þessum ferðum má upplifa fjörur og allt sem þær innihalda, ólíkar tegundir leikvalla sem eru staðsettir í fjölbreyttu umhverfi, að ógleymsdu mjög ríku fuglalífi sem er á Álftanesi. Örnefni úr umhverfinu eru notuð á vistarverur leikskólans og rifjuð upp í gönguferðum um svæðið.

#### 4.2. Náttúruvernd

Byggir á að vanda umgengni um allan efnivið sem við notum, minnka sóun og fara vel með umhverfið okkar bæði úti og inni. Þetta gerum við með því að tína rusl á lóðinni hjá okkur og þegar við förum í gönguferðir og bera virðingu fyrir gróðrinum. Skammta mátulega hvort heldur er af mat, málningu eða öðru sem við erum að nota og þurfa þar af leiðandi að henda minna. Í þessu eins og öðru er það margt smátt sem gerir eitt stórt.

#### 5. Listadagar – Sköpunargleði

Leikskólinn tók þátt í listadögum barna og ungmenna í Garðabæ sem hófust 19. apríl og stóðu til 29. apríl 2018. Þema listadaganna að þessu sinni var Sköpunargleði.

Ákveðið var að öll börnin fengu leir og verðlausan efnivið og fengu svo börnin að skapa sitt listaverk að eigin vali.



#### 6. Vinna á deildum

Við erum með fjórar deildar í Holtakoti, Hlið hafði 3 árganga (elstu), Tröð hafði 2 árganga (mið) og Seyla og Mýri 2 árganga (yngstu) hvor deild. Vinnan er sniðin að aldri barnanna hverju sinni og viðfangsefni ólík og fjölbreytt. Stefnt er að því að allir fái verkefni við sitt hæfi. Sum verkefnin eru unnin í samvinnu þvert á árganga og ferðir farnar þar sem hluti af yngri börnunum fer með þeim eldri.

### 6.1. Grænfánavinna á Seylu

Á Seylu voru á þessu tímabili börn á aldrinum 1-3ja ára. Þeirra næsta umhverfi og landslag er mest að finna í garðinum okkar og þar sinnum við líka okkar náttúruvernd. En förum auk þess í ferðir gangandi og með strætó til að víkka sjóndeildarhringinn og fá fleiri upplifanir. Helstu viðkomustaðir ferða eru fjörunnar á Álftanesi og ylströndin í Sjálandshverfinu og svo leikvellir sem eru á Álftanesi og í Garðabæ.

Í garðinum okkar er mest manngert landslag og þar getum við skoðað form, liti og áferð. Fylgst með dýralífi og séð þær breytingar sem verða við hverja árstíð ekki bara í veðri heldur ekki síður í litum og birtu. Við höfum vakið athygli barnanna á þessum breytingum og náð að fanga sumt á mynd.

Náttúruvernd þessa hóps liggur í að hreinsa rusl á lóð og ganga vel um, fara vel með gróður, leikföng og annað í umhverfi okkar.

Við tókum myndir þar sem sjónarhorn barnanna voru höfð að leiðarljósi. Og gaf það kennurum nýja sýn á umhverfið, við sjáum ekki alltaf öll það sama.





Við sjáum liti, form og ólíka áferð á lóðinni. Við tínum rusl og höldum umhverfinu hreinu.

Gróðurinn tekur miklum breytingum á milli árstíða. Trén bera og fella lauf. Einn dag eru reynitrén sett berjum og þann næsta eru fuglarnir búnir að borða þau öll, að vetri koma fuglarnir svo alveg að tómu.



Krakkarnir hafa mjög gaman af að fylgjast með fuglunum.





Frá sjónarhorni barna. Þeirra beint fram og okkar beint fram er oft á ólíka vegu.

Heima og heiman. Á fyrstu árunum erum við alltaf að læra eitthvað nýtt. Ný upplifun fylgir hverri árstíð, sértaklega fyrir yngstu börnin sem eru að upplifa margt í fyrsta sinn. Það sama gildir um heimsóknir á aðra leikvelli og í fjörur. Örvun skynfæra verður víðtæk lykt, hljóð, litir form og áferð svo eitthvað sé talið.



Í lok tímabilsins hengdum við eitthvað af þeim myndum sem fylgja hér á vegg á deildinni, gladdi það börnin mjög og rifjaði samhliða upp það sem gert var og hvatti til samtals um verkefnið.

## 6.2. Grænfánavinna á Mýri

Börnin á Mýri eru mest alla sína útiveru á leikskólalóðinni vegna ungs aldurs. Við skoðum saman skordýr, orma, trjáorma og kóngulær. Á haustin eru rifsber á runnunum hjá okkur og þykir börnunum merkilegt og gaman að geta nært sig á því sem að umhverfið getur gefið okkur.

Í haust fóru þau út, skoðuðu litabreytingarnar á trjánum, tíndu laufblöð í öllum litum og gerðu listaverk úr þeim. Á deildinni flokkum við allt rusl og eldri börnin hjálpa til við að skola fernurnar þannig að þau læri um mikilvægi þess að flokka og hugsa vel um jörðina okkar. Við notum einnig endurvinnanlegan efnivið í föndur t.d. lok, eggjabakka og fernur.



### 6.3. Grænfánavinna á Tröð

Krakkarnir á Tröð hafa verið að fara í gönguferðir þar sem rætt er við þau um landslagið á leiðinni. Er brekka eða hóll, er landslagið slétt? Erum við að labba upp brekku eða niður brekku? Erum við kannski efst í brekkunni? Sjáum við möl eða steina?



Gróðurinn við Bjarnastaði var skoðaður og síðan athuguðum við hvort við sæjum einhver form í umhverfinu. Einnig sáum við sjóinn, tún og hús.



Hvar eru laufblöðin? Tréin sofa yfir veturinn af því að þá er svo kalt, en á vorin og sumrin vakna þau og

byrja að fá laufblöð. Hvenær verður grasið grænt? Grasið sefur líka á veturnar og á vorin og sumrin verður það grænt og vex, þá þarf að slá grasið.

Mosinn var skoðaður, hann er mjög mjúkur. Ef það er stígið á mosann, þá skilur maður eftir far í mosanum sem getur verið mjög lengi að fara.



Í gönguferðunum þar sem við erum að skoða landslagið þá tínum við einnig rusl. Við bjuggum til Ruslaskrímsli sem tekur við ruslinu sem við tínum úti.

Ákveðið var að setja rusl sem tínt var í gönguferð í mold til að sjá hvort ruslið eyðist í moldinni. Í annarri dollunni var sett plast og í hina klósettpappír. Ákveðið var að skoða hvort einhver breyting yrði á ruslinu í moldinni í lok sumars.



Ruslið var sett í moldina 2. maí og þann 21. ágúst tæpum fjórum mánuðum seinna skoðuðum við ruslið. Við byrjuðum á því að skoða dolluna með klósettpappírnum og sáu börnin að pappírinn hafði eyðst í moldinni en þegar við skoðuðum dolluna með plastinu var engin breyting þar á.

Plaströrið sem fór í moldina var enn alveg eins og þegar við settum það þar um vorið. Í framhaldi var ítrekað við þau að við eigum alltaf að flokka ruslið okkar.



Í einni gönguferðinni okkar klipptum við grein af runna og tókum með heim í leikskólann. Í samveru var ákveðið að greinin fengi nafnið **Gulla**. Það var ákveðið að setja Gullu í vatn til að sjá hvort að hún fengi rætur svo hægt væri að planta henni í mold og búa til nýtt tré/runna.



Við merktum inn á brúsann sem hún var í hvað hún drakk mikið vatn og fylgdumst með vexti hennar, fyrst fékk hún laufblöð og síðan rætur. Þegar Gulla var búin að vaxa mikið og var komin með miklar rætur fórum við með hana út í garð og settum hana niður í moldina.



Gulla náði að lifa úti í garð í um það bil mánuð en einn daginn komum við að þar sem búin var að rífa hana upp og hún lá á gangstéttinni. Við reyndum að setja hana aftur í moldina en hún var dái.



## Ferð í Sorpu 2013 árgangur

2013 árgangurinn fór með rútu í Sorpu Gufunesi. Þegar þangað var komið var farið inn í skrifstofubygginguna og við leidd inn í kennslurými. Þar voru sýndar myndir og við fengum fræðslu um hvað við ættum að gera við allt ruslið sem við hendum, t.d. að öll föt eiga að fara í Rauða Krossinn, hvort sem þau eru götótta eða ekki. Okkur var kennt hvað merkingarnar þýða á umbúðunum, eiturefni, eldfimt, o.s.frv. og að batterí eru spilliefni. Við fengum að vita að allt plast og allur pappír sem er sett/ur í endurvinnslu er sent til Svíþjóðar með skipi. Allt heimilrusl fer í vélina Herkúles sem býr til risastóra ruslabagga og þeir síðan urðaðir. Eftir fræðsluna var farið aftur í rútna og við keyrð skoðunarferð um svæðið. Við sáum nýju vélina sem blæs plastinu í burtu frá heimilruslinu úr Garðabænum, en það er tilraunaverkefni Sorpu og Garðabæjar. Við fundum ekki góða lykt á svæðinu, sáum Herkúles tæta niður ruslið og við sáum fullt af timbri kurlast úr stórri vél.

Á degi umhverfis fórum við út á skólalóðina og týndum rusl og gerðum fínt í kringum okkur.

Einnig fórum við í fjöruferðir þar sem við skoðuðum umhverfið í kringum fjöruna og tókum poka með til að týna rusl sem við sáum á leiðinni.



Annað verkefni sem börnin á Tröð gerðu var að fylgjast með breytingum í umhverfinu á skólalóðinni, við fylgdumst með tré og runnum sem eru fyrir utan deildina okkar. Við tókum myndir að vetri, vori og sumri en einhvern veginn glataðist vetrarmyndin okkar. Þarna sáu börnin hvernig umhverfið okkar breytist eftir mismunandi árstíðum.




#### 6.4. Grænfánavinna á Hliði

Við höfum farið í margar vettvangsferðir, þar sem við skoðum landslagið og náttúruna okkar. Við byrjuðum á því að skoða og lesa bækur um landslag og náttúru, bækur eins og „Komdu að skoða land og þjóð“ „Stafrófið í íslenskum blómum“ og „Ég veit af hverju trén eru með lauf“ voru meðal þeirra bóka sem lesnar voru.

Við völdum okkur eitt tré sem við höfum skoðað á misjöfnum tíma árs, til að sjá hvernig tréið breytist eftir árstíma.



Farið var í fjöruna, þar sem við fundum fallega steina. Við tókum þá með í leikskólann, skoluðum og máluðum í fallegum litum.




Í apríl fóru við að skoða landslagið á Álftanesi, börnin fengu myndavél til að taka myndir af því sem þeim fannst áhugavert.



Við hugsum vel um garðinn okkar og tínum reglulega upp rusl og flokkum. Við er dugleg að flokka og endurvinna og fara með í grendargáma eftir spennandi og lærdómsríka heimsókn í sorpu.



Í vetur fórum við í ferð þar sem við leituðum af sporum í snjónum.



Í lok skólaárs var farið með strætó í Hellisgerði þar sem gengið var í hrauninu og undir trjámum.



## 7. Samantekt úr verkefnavinnunni

Fullt af hugmyndum fæddust einhverjar hugmyndir voru framkvæmdar og aðrar gleymdust eða komust ekki í framkvæmd. Allt ferlið skilur þó eftir einhvern lærdóm bæði hjá starfsmannahópnum og börnunum. Við horfum öðruvísi á næsta umhverfi og erum meðvitaðri um það sem í því býr. Við erum áfram meðvituð um að halda garðinum snyrtilegum taka upp rusl, sópa og moka, því miður ráðum við

ekki við allt illgresið sem er í beðunum (það er að einhverju leiti í höndum garðyrkjudeildar og nokkrar líkur á að skipta þurfi um jarðveg að hluta). Tré eru í góðum vexti og gefa okkur skjól svo má líka á haustin ná sér í ber af runnum bæði sólber og rífsber. Við verðum svo áfram á faraldsfæti og könnum umhverfi okkar utan leikskólalóðar með göngu og strætóferðum og yfirfærum þekkingu okkar á milli staða.

## **8. Umhverfisstefna leikskólans**

Umhverfissáttmáli Heilsuleikskólans Holtakots er þessi:

Heilsuleikskólinn Holtakot ætlar að leggja sitt af mörkum til jarðarinnar, það ætlum við að gera með því að tileinka okkur umhverfisvæna starfshætti og kenna börnunum að þekkja og virða umhverfi sitt og að barnið læri að taka ábyrgð á eigin hegðun í umhverfi sínu. Auk þess ætlum við að flokka rusl og endurnýta það sem til fellur, nota umhverfisvæn efni og spara orku og vatn.



## 9. Eftirlit og endurmat

Umhverfiráð er ábyrgt fyrir vinnu með Grænfánverkefnið og sér um eftirlit og endurmat innan skólans. Því teljum við mikilvægt að hafa fulltrúa allra deilda í ráðinu, það auðveldar upplýsingaflæði inn til allra. Með reglulegum fundum yfir vetrartímann höldum við vinnunni vakandi og verkefninu í gangi. Sumt er orðið alveg fast í daglegri rútinu skólans, en annað þarf að minna á til að viðhalda. Frá því við hófum þessa vegferð hefur margt breyst bæði hjá okkur og í samfélaginu og upplifum við meiri meðvitund um þætti sem snúa að umhverfi og náttúru.

## 10. Lokaorð

„Gulur, rauður, grænn og blár.....“

Er vinsæll söngur í flestum leikskólum og þar á meðal í Holtakoti. Umhverfi okkar er fjölbreytt og þar með í öllum regnbogans litum. Við höfum verið að vinna áfram með fyrri verkefni og mörg af þeim skarast hvert að öðru. Vinna með flokkun og skil, lýðheilsu, átthaga, orku og vatn, landslag og náttúruvernd er hluti af okkar daglegu vinnu og samveru í leikskólanum. Við erum stolt af vinnu okkar og hlökkum til að halda áfram með vinnu okkar og gera betur og betur.

## 11. Fylgiskjöl

Fundur í Grænfánanefnd 15. september 2017.

Mættar: Anna Seyla ritari, Ína Tröð, Kristín Seyla, María Hlið.

Landslag og náttúruvernd

Athuga með loftmynd-líkan -fjörur. Ath hvort Helga Linnet geti reddað því.

Til grundvallar liggur

Landslag: Hvernig lítur umhverfi skólans út? Eru hæðir og hólur? Fjöll og dalir? Getið þið farið í ferð út fyrir skólann þar sem þið upplifið breytt landslag? Hvernig hefur landslag myndast? Hvernig tengist landslagið sögunni? Hvaða örnefni eru í nærumhverfinu?

Muna að taka myndir til að styrkja minninguna um það sem er gert.

Náttúruvernd: Af hverju er mikilvægt að vernda náttúruna? Hvernig gerum við það? Eru allir sammála um hvernig best er að standa að verndun náttúrunnar? Getum við gert eitthvað til að vernda náttúruna í kring um okkur?

Gaman væri að gera líkan að Álftanesi sem sameiginlegt verkefni allra deilda.

Fyrst um sinn leggja áherslu á gönguferðir þar sem við höfum augu opin fyrir umhverfinu og týnum rusl sem verður á vegi okkar. Göngum vel um garðinn okkar og höldum honum snyrtilegum. Förum vel með gras, tré, runna og annað sem er á lóðinni okkar.

Gönguferðir með opin augu og meðvitund um umhverfið.

-Grásteinn

-Tjarnir t.d. Skóg- og Kasthús-

-Fjara/Fjörur

-Leikvellir

Grænfánafundur föstudag 13. október 2017.

Mættar:

Anna Seyla (ritaði fundargerð), Ragnhildur leikskólastjóri, Ína Tröð, Kristín Jóna Mýri, Sæunn Hlið.

Nota form og liti úr náttúrunni.

Reynitré með berjum án berja. Fuglarnir búnir að borða öll.

Nota einfaldleika og liti til að skapa.

Annað:

Muna að hreinsa úr endurvinnslukössum í alrými og inni á deildum.

Grænfánafundur 9. febrúar 2018.

Mættar: Anna Seyla (ritaði fundargerð), Sæunn Hlið, Krístín Jóna Mýri, Olga Tröð og Ragnildur leikskólastjóri.

Áætlað að flagga í haust

- Þurfum að halda okkur við efnið.....

Þössum matarsóun, oft er allt of miklu hent. Passa að skammta svo þau geti klárað. Og gefa frekar oft á diskinn.

Listadagar framundan í Garðabæ- þemað núna er Sköpunargleði . Það er gott að tengja það við verkefni Grænfána.

- Vera duglega að nota verðlaust efni í föndur líka
- Náttúruvernd
- Raggæ ætlar að kaupa teygjur á ruslatunnurnar.
- Og athuga með að skipta litlu tunnunum út fyrir stóra.

Umhverfisnefnd barna haust 2017-vor2018.

Í nefndinni áttu sæti börn úr árgangi 2012.

Grænfáninn hvað tákna hann ?

Sept-okt- nóv fundað fyrsta þriðjudag hvers mánaðar.

Farið yfir með börnunum hvað Grænfáninn tákna. Hringurinn=himinhnettirnir- þó fyrst og fremst jörðin og sólin.

Maður, bók og tré er eitt- samfléttuð heild. Minnir á mikilvægi samspils manns og náttúru.

Græni liturinn er litur lífsins.

Hvíti og blái liturinn minna okkur á hreint loft og vatn sem er nauðsynlegt öllu lífi.

Margar spurningar komu í sambandi við vatnið, af hverju geta ekki allir drukkið vatn úr krana.

Ræddum hvað gerist fyrir jörðina ef allir henda rusli út um allt. Ganga vel um jörðina okkar og hjálpa henni að vera hrein fyrir okkur.

Feb-mars-ap fundað fyrsta þriðjudag í mánuði.

Bækur voru lesnar um náttúruna.

Komdu og skoðaðu land og þjóð, Stafrófið í íslenskum blómum og Ég veit af hverju trén eru með lauf.

Fórum í margar ferðir með strætó í nær umhverfinu.

Börnin ræddu um að við sjáum Esjuna af Álftanesinu.

Mikið var rætt um hvað leynist í fjörunni. Bæði rusl og gersemar.

Á fundi fyrir ferð grendargámana var rætt um hvernig við ættum að flokka: pappír, gler, plast. Síðan tóku allir þátt í að setja í gámana.